

Um styrkþega Afreks- og hvatningarsjóðs stúdenta Háskóla Íslands 2022

Alda Áslaug Unnardóttir brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í fyrravor með glæsilegum árangri. Hún hefur spilað á hljóðfæri frá því að hún var fjögurra ára og lokið brottfararprófi í fiðluleik. Alda hefur leikið með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins og tekið þátt í Upptaktinum með frumsamin lög en hún hefur mikinn áhuga á tónsmíði. Ung að árum stofnaði Alda samtökin Græna krossinn árið 2010 sem hafði það markmið að hjálpa dýrum og náttúrunni og það kemur því kannski ekki á óvart að hún er innrituð í líffræði.

Aldís Elva Róbertsdóttir útskrifaðist frá Fjölbrautaskóla Suðurlands vorið 2020 sem semidúx og hlaut verðlaun fyrir frábæran árangur í íslensku og dönsku. Hún lét mikið að sér kveða í félagslífi FSu og náði m.a. góðum árangri í söngkeppni skólans. Þá leikur hún á gítar og sótti m.a. tónlistarnám í lýðháskóla í Danmörku áður en hún innritaði sig í Háskóla Íslands. Áhugi Aldísar á heilbrigðisgeiranum kviknaði við störf á hjúkrunarheimili og hún hefur því innritast í hjúkrunarfræði.

Alfa Magdalena Birnir Jórunnardóttir útskrifaðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og var annar af tveimur dúxum skólans. Hún hlaut viðurkenningu fyrir frábæran árangur í dönsku, ensku og frönsku og framúrskarandi lokaverkefni við útskrift. Á menntaskólaárunum náði hún frábærum árangri í Frönskukeppni framhaldsskólanema og Þýskuprautinni. Hún hefur lokið miðprófi í klarinettuleik og hyggst halda tónlistarnáminu áfram samhliða námi í frönskum fræðum í Háskóla Íslands.

Anna Huyen Ngo brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir afburðagóðan árangur í efnafræði. Anna var virk í félagslífi Kvennskælinga og lagði í námi sínu mikla áherslu á að taka fjölbreytta valáfanga á ólíkum fræðasviðum. Anna hefur áhuga á að starfa við erfðafræðirannsóknir í framtíðinni og hefur því innritað sig í lífefna- og sameindalíffræði.

Bergdís Rúnarsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Sund í vor og hlaut m.a. viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í dönsku og frönsku. Bergdís var í Morfíslíði skólans í ár og fór með stórt hlutverk í sýningu leikfélags MS í vetur. Hún stundaði fimleika um langt árabíl og sömuleiðis fiðlunám og lék m.a. með Sinfóníuhljómsveit unga fólksins. Bergdís hefur innritast í nám í félagsráðgjöf.

Catarina Martins Sousa Lima lauk námi frá Keili nú í vor með afar góðum árangri. Hún fluttist hingað til lands frá Bandaríkjunum fyrir sex árum og státar nú bæði af íslensku og bandarísku stúdentsprófi. Catarina hefur æft fótbolta með Haukum, Fylki og ÍR ásamt því að leiðbeina ungum iðkendum. Hún hefur hafið nám í iðnaðarverkfræði.

Dagmar Íris Hafsteinsdóttir brautskráðist frá Fjölbrautaskólanum í Garðabæ í vor og varð dúx skólans. Við útskriftina hlaut hún m.a. viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í erlendum tungumálum, íþróttum og góða skólasókn auk Menntaverðlauna Háskóla Íslands. Hún var í Gettu betur liði FG og komst ásamt liðsfélögum í úrslit keppinnar í ár. Hún var einnig formaður málfundafélags skólans og kom að ýmsu öðru í félagsstarfi skólans. Valáfangi í viðskiptalögfræði kveikti áhuga Dagmarar á lögum og rétti og hún hefur því skráð sig í lögfræði við Háskóla Íslands.

Elísa Sverrisdóttir var dúx Verzlunarskóla Íslands við útskrift vorið 2021. Við brautskráningu hlaut hún verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum, efnafræði og dönsku. Hún hefur æft frjálsar íþróttir af kappi frá 10 ára aldri og æfir nú með ÍR og er í úrvalshópi Frjálsíþróttasambands Íslands. Þá hefur Elísa einnig lokið miðprófi í þverflautuleik. Elísa hefur hafið nám í lyfjafræði við Háskóla Íslands.

Elma Karen Sigþórsdóttir útskrifaðist af Háskólabrú Keilis í vor með afar glæsilegum árangri. Elma hefur mikinn áhuga á heimspeki og hefur innritað sig í greinina og stefnir ótrauð á doktorsnám á því sviði í framtíðinni.

Emese Erzsébet Józsa lauk stúdentsprófi frá Framhaldsskólanum í Mosfellsbæ í desember 2020 og var dúx skólans. Við útskrift fékk hún viðurkenningu fyrir góðan árangur í ensku og spænsku. Emese, sem er ungversk að uppruna, flutti til Íslands frá Transylvaníu ung að árum og hefur þurft að tileinka sér íslensku samhliða námi. Emese hefur innritað sig í viðskiptafræði.

Freyr Víkingur Einarsson lauk námi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í desember í fyrra og fékk ýmis raungreinaverðlaun við það tækifæri. Hann var í efnafræðilandsliði Íslands sem tók þátt í norrænu keppninni og á Ólympíuleikunum í efnafræði í sumar. Þá situr hann í stjórn Badmintonfélags Hafnarfjarðar. Freyr hefur hafið nám í efnaverkfræði.

Guðbjörg Viðja Pétursdóttir Biering er stúdent frá Menntaskólanum í Kópavogi en þaðan lauk hún námi í fyrravor sem semidúx skólans. Guðbjörg hefur verið skáti í þrettán ár og virk í skátafélaginu Heiðabúum í Keflavík. Í vetur hefur hún starfað sem au-pair í Þýskalandi en er nú snúin aftur og hyggst helga sig hugbúnaðarverkfræði í Háskóla Íslands.

Guðrún Lilja Pálsdóttir brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut m.a. Stúdentspennann, verðlaun sem veitt eru fyrir besta lokaverkefni skólaársins, og viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum. Hún lék körfubolta í mörg ár og var ítrekað valin í úrvalsbúðir landsliðsins í greininni. Hún státar enn fremur af framhaldsprófi í þverflautuleik. Lokaverkefni Guðrúnar í Kvennó fjallaði um eðlisfræði og því kemur ekki á óvart að hún hefur hafið nám í verkfræðilegri eðlisfræði.

Hekla Dís Kristinsdóttir brautskráðist frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut Menntaverðlaun Háskóla Íslands fyrir framúrskarandi árangur á stúdentsprófi og eftirtektarverða þátttöku í félagsstarfi. Hún gegndi starfi forseta nemendafélags Kvennó skólaárið 2021-2022. Þá á hún að baki margra ára píanónám. Hekla hefur innritast í nám í efnafræði.

Helga Margrét Ólafsdóttir útskrifaðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor. Við útskriftina hlaut hún verðlaun fyrir hæstu einkunn í ensku á stúdentsprófi af náttúrufræðibraut og fyrir iðni, siðprýði og framfarir. Hún var mjög virk í félagsstarfi Menntaskólans í Reykjavík og þá hefur hún m.a. lagt stund á golf, frjálssar íþróttir og dansnám samhliða námi. Helga hefur hafið nám í lögfræði.

Helga Sveinsdóttir lauk stúdentsprófi frá Fjölbrautaskóla Suðurnesja í fyrra og tók við það tilefni við verðlaunum fyrir góðan árangur í spænsku, efnafræði, líffræði og stærðfræði. Hún hefur verið virk í starfi KFUM & K sem leiðtogi í barna- og unglingastarfi undanfarin ár og sem sunnudagaskólaleiðtogi. Hún vill stuðla að bættum lífsgæðum fólks og hefur hafið nám í sjúkráþjálfunarfræði.

Hildur Gunnarsdóttir brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor sem semidúx og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði, eðlisfræði, efnafræði, íslenskum fræðum og sögu. Hún tók þátt í nefndar- og leiklistarstarfi MR og síðustu tvö ár hefur hún komist í ólympíuliðið í eðlisfræði og fór með því utan í sumar til þátttöku í bæði Evrópu- og Ólympíumótum. Hildur hyggst helga sig raungreinunum í Háskóla Íslands þar sem hún hefur skráð sig í hagnýtta stærðfræði.

Hólmfríður Arna Steinsdóttir útskrifaðist frá Fjölbrautaskóla Suðurlands í vor með afar glæsilegum árangri en hún var í handboltaakademíu skólans og lék um leið með handknattleikslíði Selfoss sem komst í deild þeirra bestu í vor. Hún hefur jafnframt sótt bæði dómara- og þjálfaranámskeið í handbolta. Hólmfríði hefur dreymt um að verða tannlæknir síðan hún var lítil stelpa og ætlar að láta þann draum rætast í tannlæknisfræði í Háskóla Íslands.

Iðunn Björg Arnaldsdóttir var dúx við brautskráningu frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í vor og hlaut fjölmargar viðurkenningar fyrir afrek sín í námi. Hún fór í skiptinám til Þýskalands á menntaskólaárunum og tryggði sér í vor sæti í landsliði Íslands í efnafræði sem tók þátt í Norðurlanda- og Ólympíumótum í efnafræði í sumar. Iðunn er öflug frjálsíþróttakona og hefur m.a. tekið þátt í Ólympíuhátíð Evrópuæskunnar en hún hefur einnig lokið miðprófi á klarinett. Iðunn hefur hafið nám í læknisfræði.

Katla Torfadóttir úrskrifaðist frá Menntaskólanum á Egilsstöðum vorið 2021 en hluta framhaldsskólaáranna varði hún í Seattle í Bandaríkjunum. Katla er mikil áhugakona um skák og hefur bæði keppt á Íslandsmóti barna- og unglingasveita og Norðurlandamóti stúlkna. Hún tók þátt í félagsstarfi Menntaskólans á Egilsstöðum, m.a. Hinseginfélagi skólans. Katla hefur hafið nám í stærðfræði.

Kári Hólmgrímsson brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri í vor og hlaut við það tilefni verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði og eðlisfræði. Auk þess að taka virkan þátt í félagslífi skólans lagði hann stund á handbolta og aðrar íþróttir. Þá var hann í úrslitum stærðfræðikeppni framhaldsskólanna og tók einnig þátt í forritunarkeppni framhaldsskólanna. Kári hefur innritast í vélaverkfræði.

Klara Margrét Ívarsdóttir lauk námi frá Verzlunarskóla Íslands í vor og hlaut m.a. viðurkenningar fyrir framúrskarandi árangur í raungreinum og líffræðigreinum og fyrir að vera með eina af hæstu aðaleinkunnum á stúdentsprófi. Hún hefur einnig lagt stund á nám í píanóleik við Menntaskólann í tónlist og stefnir á að ljúka framhaldsprófi nú í haust. Hún hefur náð glæsilegum árangri í innlendum og erlendum tónlistarkeppnum og hefur m.a. leikið einleik með Sinfóníuhljómsveit áhugamanna. Þá æfir Klara með landsliðshópi kvenna í hópímleikum fyrir Evrópumeistaramót sem fram fer í september. Klara hefur hafið nám í læknisfræði.

Kristján Dagur Egilsson brautskráðist frá Menntaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í stærðfræði. Hann á að baki langt píanónám og hefur hlotið verðlaun fyrir frumsamin verk sín í Upptaktinum, tónsköpunarverðlaunum barna og ungmenna. Hann hefur enn fremur náð góðum árangri í bæði þýskupraut og stærðfræði- og eðlisfræðikeppnum framhaldsskólanna. Hann hefur innritað sig í hagnýtta stærðfræði.

Margrét Rán Rúnarsdóttir varð stúdent frá Verzlunarskóla Íslands í vor en hún tók við viðurkenningum fyrir námsárangur í íslensku og í efnafræði. Handbolti og fótboldi eiga stóran sess í lífi Margrétar. Hún státar af bæði Íslands- og bikarmeistaratitlum með unglingaliðum Gróttu í handbolta og hefur verið valin í unglingalandslið og spilað með meistaraflokki félagsins. Þá hefur Margrét einnig leikið með meistaraflokki Gróttu í knattspyrnu og verið í landsliðsúrtaki í greininni nokkrum sinnum. Margrét hefur skráð sig í nám í iðnaðarverkfræði.

Nanna Eggertsdóttir var semidúx við útskrift frá Kvennaskólum í Reykjavík í fyrravor. Við útskrift hlaut hún verðlaun fyrir framúrskarandi námsárangur og fyrir 100% raunmætingu í öllum áföngum, öll skólaárin. Nanna hefur verið í kór mestalla ævi sína og tók m.a. þátt í starfi kórs Kvennaskólans. Þá var hún liðsstjóri Gettu betur liðs skólans. Auk þess hlaut hún viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í þýskupraut framhaldsskólanna 2020. Nanna hefur hafið nám í umhverfis- og byggingarverkfræði.

Nína Steingerður Káradóttir lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor og hlaut m.a. viðurkenningu fyrir afburðagóðan námsárangur. Í framhaldsskóla var hún óhrædd við að velja fjölbreytta valáfanga innan og utan skólans sem nýttust henni best í háskólanámi og lokaverkefni hennar fjallaði um svarthol en hún hefur mikinn áhuga á stjórnufræði og geimverkfræði. Nína hefur

hafið nám í verkfræðilegri eðlisfræði við HÍ og hefur mikinn áhuga á að nýta sér samstarfssamninga sem skólinn hefur gert við bandaríska háskóla um sumarnám og -rannsóknir, með framhaldsnám þar í landi í huga í framtíðinni.

Oliver Sanchez er stúdent af alþjóðlegri braut Menntaskólans við Hamrahlíð en þaðan lauk hann stúdentsprófi í fyrra með afar glæsilegum árangri. Oliver er fæddur og uppalinn í Noregi en fluttist til Íslands á fimmtánda ári og þurfti þá að tileinka sér íslenska tungu. Hann hefur mikinn áhuga á raungreinum og tók m.a. þátt í bæði stærðfræði-, eðlisfræði- og efnafræðikeppnum framhaldsskólanna og sigraði í þeirri síðastnefndu í fyrra. Honum var boðið sæti í landsliðinu í öllum greinum en ákvað að taka þátt í Ólympíumótinu í eðlisfræði í fyrra. Oliver hefur innritast í vélaverkfræði.

Óðinn Andrason brautskráðist frá Menntaskólanum á Akureyri í vor og varð semidúx skólans. Við útskrift fékk hann verðlaun fyrir framúrskarandi árangur í eðlisfræði og stærðfræði, íslensku og ensku. Hann var í Gettu betur liði MA öll sín ár í menntaskóla og sat í stjórn málfundafélags skólans. Þá hefur hann náð framúrskarandi árangri í raungreinakeppnum framhaldsskólanna, var í Ólympíuliði Íslands í stærðfræði 2021 og í Ólympíuliðinu í eðlisfræði í ár. Óðinn hefur hafið nám í vélaverkfræði.

Ómar Ingi Halldórsson var semidúx Verzlunarskóla Íslands við útskrift í vor og hlaut við það tilefni m.a. viðurkenningu úr Aldarafmælisjóði skólans. Hann komst í úrslit stærðfræðikeppni framhaldsskólanna öll árin í menntaskóla og þá hefur hann æft knattspyrnu með Gróttu á Seltjarnarnesi frá fimm ára aldri. Ómar er ekki ókunnur Háskóla Íslands því hann starfaði sem aðstoðarmaður á rannsóknarstofu Elínar S. Ólafsdóttur, prófessors í lyfjafræði, í fyrrasumar. Hann hyggur hins vegar ekki á nám í þeirri grein heldur rafmagns- og tölvuverkfræði.

Rán Kjartansdóttir er stúdent frá Menntaskólanum á Ísafirði í desember 2021 og var dúx skólans. Hún hefur stundað dans frá unga aldri og hefur m.a. tekið þátt í norrænum og evrópskum dansverkefnum. Í menntaskóla tók hún enn fremur þátt í leiklistarstarfi MÍ og þá á Rán að baki bæði þverflautu- og píanónám. Rán hefur innritast í nám í líffræði.

Roman Chudov útskrifaðist frá Menntaskólanum í Kópavogi í vor með glæsilegum árangri en samhliða námi þurfti hann að nema íslenska tungu. Hann hefur á menntaskólaárunum tekið þátt í ýmsum verkefnum, sem snerta m.a. alþjóðasamstarf og frumkvöðlastörf ungs fólks. Roman tók þátt í stærðfræðikeppni framhaldsskólanna í vetur og hyggur á nám í þeirri grein í Háskóla Íslands.

Sesselja Picchiatti lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor með frábærum árangri. Hún lagði stund á dans og tónlist á yngri árum og hefur síðustu ár starfað hjá Skema í Háskólanum í Reykjavík við kennslu á tækninámskeiðum sem tengjast m.a. forritun. Þar liggur áhugi hennar en Sesselja hefur sett stefnuna á BS-gráðu í eðlisfræði og hugbúnaðarverkfræði við Háskóla Íslands.

Sigurbjörg Erla Pétursdóttir Biering var dúx við útskrift frá Menntaskólanum í Kópavogi vorið 2021 en hún var með besta árangur sem náðst hefur á stúdentsprófi í sögu skólans. Sigurbjörg hefur verið virk í skátastarfi frá sex ára aldri, þar á meðal sem foringi á seinni árum. Hún vann sem au-pair í Þýskalandi í vetur en snýr nú heim til að hefja nám í hugbúnaðarverkfræði.

Sigurbjörg Guðmundsdóttir útskrifaðist frá Verzlunarskóla Íslands í fyrravor og hlaut viðurkenningar fyrir árangur í alþjóðafræði, sögu og þýsku. Hún var í sigurliði Gettu betur liðs Verzló í fyrra en tók jafnframt þátt í starfi liðsins hin tvö árin. Á alþjóðabraut í Verzlunarskólanum kynntist Sigurbjörg stjórnmaláfræði og hefur nú skráð sig til náms í þeirri grein í Háskóla Íslands.

Silja Rún Sigurbjörnsdóttir lauk stúdentsprófi frá Kvennaskólanum í Reykjavík í vor með mjög góðum árangri. Hluta framhaldsskólaáranna varði hún í skiptinámi í Frakklandi en hún stundaði einnig

listdans til stúdentsprófs við Listdansskóla JSB samhliða námi sínu í Kvennaskólanum. Silja Rún hefur hafið nám í félagsfræði.

Sóley Kristín Harðardóttir útskrifaðist af Háskólabrú Keilis í janúar síðastliðnum og dúxaði með næsthæstu einkunn í sögu brúarinnar. Fékk hún við það tilefni veglegar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur. Sóley er nú mætt í Háskóla Íslands þar sem hún nemur lífefna- og sameindalíffræði.

Stefán Árni Arnarsson lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum í Reykjavík með afar góðum árangri. Hann hefur m.a. unnið fjölmarga titla í handbolta með yngri liðum Vals og verið valinn í yngri landsliðshópa í greininni. Undanfarið ár hefur Stefán Árni einbeitt sér að badminton en þar hefur hann verið í landsliðshópi frá tíu ára aldri. Hann statar af fjölmörgum Íslandsmeistaratitlum í greininni og er nú í afrekshópi Badmintonsambands Íslands. Stefán hefur hafið nám í rafmagns- og tölvuverkfræði.

Stefán Þór Sigurðsson lauk stúdentsprófi frá Verzlunarskóla Íslands í fyrravor með hæstu einkunn árgangsins af listabraut. Stefán er mikill íþróttamaður og er í landsliði Íslands í klifri. Hann hefur náð góðum árangri á mótum í þeirri grein bæði hér heima og erlendis. Þá hefur Stefán einnig lokið fyrsta stigi þjáfaramenntunar hjá ÍSÍ. Listir eiga líka hug hans og á þeim vettvangi vill hann starfa í framtíðinni. Því hefur Stefán innritað sig í listfræði.

Þorgerður Una Ólafsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum á Akureyri í vor með afar góðum árangri. Í MA starfaði hún með kór skólans öll þrjú árin og tókst þar m.a. á við krefjandi aðstæður kórónuveirufaldursins. Þorgerði hefur lengi dreymt um að verða kennari og hjálpa þeim börnum sem standa höllum fæti. Hún hefur því skráð sig í nám í leikskólakennarafræði.

Þórunn Arna Guðmundsdóttir lauk stúdentsprófi frá Menntaskólanum við Hamrahlíð í desember í fyrra og var þá semidúx skólans. Við útskrift fékk hún viðurkenningar fyrir góðan námsárangur í efnafræði, frönsku og líffræði. Þórunn hefur lagt stund á píanónám í yfir áratug og þá hefur hún mikið yndi af myndlist og listsköpun og hefur m.a. selt verk sín. Undanfarið ár hefur hún lagt baráttunni við kórónuveiruna lið með því að vinna við COVID-19-sýnatökur og móttöku í bólusetningar hjá Heilsugæslu höfuðborgarsvæðisins. Þórunn er innrituð í nám í lífeindafræði.